

BÍL – Bandalag íslenskra listamanna

Hvar er menningarstefna stjórnmalaflokkanna?

Ritari: María Sigurðardóttir

Halla Margrét Jóhannesdóttir fundarstjóri.

Framsaga: Katrín Jakobsdóttir (V), Börkur Gunnarsson (D), Katrín Júlíusdóttir (S), Líneyk Anna Sævarsdóttir (B), Eva Einarsdóttir (A), Þorvaldur Þorvaldsson (P), Páll Rafnar Þorsteinsson (C), Ása Lind Finnbogadóttir (T)

Lýsing: Alþingi samþykkti menningarstefnu í fyrsta sinn 7. mars 2013. Flest sveitarfélög setja sér menningarstefnu og hefur Reykjavík rutt brautina þar sem borgaryfirvöld samþykktu fyrstu formlegu menningarstefnuna 2001. Landshlutasamtök sveitarfélaga gera samning við ríkið um framlög til menningarmála á grundvelli menningarstefnu. En hvernig er háttað stefnumótun stjórnmalaflokkanna í menningarmálum? Hafa stjórnmalaflokkarnir, sem bjóða fram krafta sína og hugmyndir til að stjórna ríki og sveitarfélögum, sett sér menningarstefnu?

Fulltrúar stjórnmalaflokkanna fóru yfir menningarstefnu sinna flokka. Hún reyndist í sumum tilfellum löng og ítarlega og í sumum tilfellum nánast engin. (Jafnvel dæmi um að hún hafi týnst útaf heimasíðu flokks).

Flokkarnir virðast sammála um að menning sé mikilvæg. Og það beri að standa vörð um sameiginlegar menningarstofnanir okkar, í því sambandi var RUV sérstaklega nefnt, svo og Listaháskólinn. Þá virtust flokkarnir sammála um að það ætti að tryggja aðgengi allra að listum og menningu, burtséð frá efnahag og líkamlegu atgervi.

Núverandi stjórnarflokkar hafa ekki náð að koma sér saman um lykilaðgerðir í málefnum lista- og menningar á því kjörtímabili sem nú er liðið. Þannig hafa þeir ekki komið í framkvæmd sóknaráætlun í listum og skapandi greinum sem þó er kveðið á um í stjórnarsáttmála þeirra.

Í lokin benti forseti BÍL stjórnmalamönnunum mikilvægi þess að styrkja stjórnsýslu lista og skapandi greina sem um þessar mundir er tvístruð milli 5 ráðuneyta. Það tóku stjórnmalamenirnir með sér í nesti og hétu því að skertþa á menningarstefnu sinni í komandi kosningabaráttu.